

## Reglur um launakjör og starfsaðstöðu bæjarfulltrúa og nefndarmanna hjá Sveitarfélaginu Árborg

### 1. gr.

#### Viðmið launa

Laun fyrir störf í bæjarstjórn, bæjaráði, ráðum og nefndum skulu nema skilgreindum hundraðshluta af þingfararkaupi sem er kr.1.285.411 frá 1. júlí 2021. Viðmiðunarfjárhæð tekur mið af launavísitölu og breytist 1. júlí og 1. janúar ár hvert. Á tímabilinu frá 1. janúar 2023 – 31. desember 2023 tekur viðmiðunarfjárhæð þó engum breytingum.

### 2. gr.

#### Laun

Launum bæjarfulltrúa er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna starfa þeirra í þágu sveitarfélagsins, en þau snúa að stefnumótun, eftirliti með starfsemi sveitarfélagsins og gæslu hagsmuna fyrir sveitarfélagið og íbúa þess. Meðal þeirra starfa sem um ræðir eru fundarsetur í ráðum og nefndum, þátttaka í ráðstefnum um sveitarstjórnarmál, þátttaka í fundum við aðrar stofnanir til að gæta hagsmuna sveitarfélagsins, undirbúningur fyrir fundi, rýni gagna sem varða sveitarstjórnarmál, lestur ýmissa skýrslna og fundargerða, samskipti við íbúa og starfsfólk sveitarfélagsins.

Launum annarra kjörinna fulltrúa og nefndarmanna er ætlað að mæta vinnuframlagi vegna undirbúnings og þátttöku í fundum viðkomandi nefnda eða ráða, þannig að nefndarmenn geti verið vel inni í þeim málum sem til umfjöllunar eru.

Laun bæjarfulltrúa, nefndarmanna, áheyrnarfulltrúa og fulltrúa í vinnuhópum eru eftirfarandi hlutfall af þingfararkaupi frá 1. júlí 2021 eru kr. 1.285.411.

#### Bæjarstjórn

Forseti bæjarstjórnar	45,03 % á mánuði - fundarseta innifalin
Varaforseti	3,80 % fyrir setinn fund sem staðgengill forseta
Bæjarfulltrúar	25,08 % á mánuði - fundarseta innifalin
Varamenn	5,51 % fyrir setinn fund

#### Bæjarráð

<b>Formaður bæjarráðs</b>	<b>42 % á mánuði - fundarseta innifalin</b>
Aðalmenn	13,30 % á mánuði - fundarseta innifalin
Bæjarráð áheyrnarfulltrúar	13,30 % á mánuði - fundarseta innifalin
Varamenn	5,51 % fyrir setinn fund
Varamenn áheyrnarfulltrúa	5,51 % fyrir setinn fund

#### Ráð og nefndir

Formaður	5,70 % fyrir setinn fund
Varaformaður í forföllum	5,23 % fyrir setinn fund í fjarveru form.

Aðalmenn	3,80 % fyrir setinn fund
Varamenn	3,80 % fyrir setinn fund
Áheyrnarfulltrúar framboða	3,80 % fyrir setinn fund
Varamenn áheyrnafulltrúa	3,80 % fyrir setinn fund
Lögboðnir áheyrnarfulltrúar	1,43 % fyrir setinn fund
Áheyrnarfulltrúar ungmennaráðs	1,43 % fyrir setinn fund

#### Aðrar nefndir

Hverfisráðin á Selfossi, Eyrarbakka, Stokkseyri og Sandvíkurhreppi og öldungaráð

Formaður	4,75 % fyrir setinn fund
Aðalmenn	3,33 % fyrir setinn fund
Varamenn	3,33 % fyrir setinn fund

Seta annarra en kjörinna fulltrúa sveitarfélagsins á eftirfarandi þingum og ráðstefnum:

SASS þingi	3,80 % fyrir setið þing
Fjármálaráðstefna	3,80 % fyrir setið þing
Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga	3,80 % fyrir setið þing

### 3. gr.

#### Lífeyrissjóður

Nefndarmenn greiða Brú lífeyrissjóði starfsmanna sveitarfélaga A- deild, 4% af heildarlaunum í iðgjald. Sveitarfélagið Árborg greiðir mótframlag vinnuveitanda eins og það er á hverjum tíma samkvæmt reglum sjóðsins og kjarasamningi FOSS, félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi og Sambands íslenskra sveitarfélaga, nú 11,5%. Nefndarmenn geta þó óskað eftir að greiða í annan lífeyrissjóð. Í þeim tilvikum sem nefndarmaður greiðir viðbótarframlag í séreignarsjóð greiðir Sveitarfélagið Árborg framlag á móti allt að 2% gegn framlagi nefndarmanns.

### 4. gr.

#### Veikindaréttur

Þeir sem eru á föstum mánaðarlaunum, eiga rétt á veikindaleyfi vegna veikinda eða slysa í allt að þrjú mánuði en þó eigi lengur en til loka kjörtímabils. Greiðslur vegna veikinda miðast við föst laun. Forfallist formenn ráða og nefnda í lengri tíma en einn mánuð tekur varaformaður laun sem formaður á meðan hann gegnir því starfi.

### 5. gr.

Um rétt bæjarfulltrúa og nefndarmanna til fæðingar- og foreldraorlofs fer eftir lögum nr. 95/2000 um fæðingar- og foreldraorlof.

### 6. gr.

#### Tryggingar

Bæjarfulltrúar eru tryggðir með sama hætti og starfsmenn Sveitarfélagsins Árborgar samkvæmt kjarasamningi Sambands íslenskra sveitarfélaga og FOSS, félags opinberra starfsmanna á Suðurlandi. Um rétt til launa vegna óvinnufærni í kjölfar slysa fer eftir 4. gr.

### 7. gr.

#### Laun í orlofi

Bæjarfulltrúar fá greidd full laun á meðan á sumarleyfi bæjarstjórnar og fundarhléi bæjarráðs stendur. Formenn ráða- og nefnda fá greidd föst laun á meðan á fundarhléi ráða og nefnda stendur. Ekki er greitt orlof á laun samkvæmt reglum þessum.

### 8. gr.

#### Fundir, ráðstefnur, þing og kynnisferðir

Bæjarfulltrúar og nefndarmenn fá ekki greiðslur fyrir fundarsetu á fundum, þingum og ráðstefnum, né fyrir þátttöku í kynnisferðum sem bæjarfulltrúum er gefinn kostur á að sækja. Greitt er þáttökugjald í þeim tilvikum sem um það er að ræða.

### 9. gr.

#### Ferðakostnaður

Greiddur er ferða- og dvalarkostnaður vegna þátttöku í fundum, ráðstefnum, þingum og kynnisferðum utan Sveitarfélagsins Árborgar sem bæjarfulltrúum er gefinn kostur á að sækja. Útlagður kostnaður bæjarfulltrúa er greiddur gegn framlögðum reikningum. Ritari bæjarstjóra er tengiliður bæjarfulltrúa vegna bókunar á flugi og endurgreiðslu á útlögðum kostnaði.

### 10. gr.

#### Vinnuhópar, vinnureglur og nánari skýringar

Ákveði bæjarstjórn eða bæjarráð að setja á fót launaðan vinnuhóp þarf að koma fram í bókun ráðs ef lagt er til að greitt verði fyrir fundarsetu. Ef ekki er gert ráð fyrir kostnaði vegna launa vinnuhóps í samþykktari fjárhagsáætlun þarf að óska eftir samþykki bæjarráðs fyrir viðauka vegna starfs vinnuhóps áður en vinna hópsins hefst. Við upphaf starfs slíkra hópa skal liggja fyrir erindisbréf og skal nota form sem fylgir í viðhengi, við gerð þess. Undirrituðu erindisbréfi skal skila til bæjarstjóra áður en vinna hópsins hefst. Í erindisbréfi skal eftirfarandi koma fram:

- hver skipaði hópinn,
- hvert hlutverk hans er,
- hvaða fulltrúar eru í hópnum,
- tímaáætlun þ.e., hvenær hópurinn mun hefja störf og hvenær hann á að skila af sér,
- áætlun um fjölda funda hópsins og
- hvort lagt er til að greitt verði fyrir fundarsetu,
- einnig skal koma fram í erindisbréfi að skila eigi inn afritum af undirrituðum fundargerðum til launadeildar.

Greiðsla nefndarlauna vegna vinnu í starfshópum fer fram tvisvar á ári, í byrjun júlí og lok desember ár hvert, skv. ljósritum af undirrituðum fundargerðum eða þegar vinnu lýkur formlega, með skilum fundargerða til launadeildar. Starfsmenn sveitarfélagsins fá ekki greiðslur fyrir slíka fundi. Fulltrúar sem bæjarstjórn eða fastanefnd kys skv. reglugerðum eða samþykktum í stjórnir og ráð, fá greidd 3,33 % af viðmiðunarlaunum fyrir hvern fund, sé fundarþóknun ekki greidd af viðkomandi stofnun. Bæjarstjóri úrskurðar um vafaatriði vegna vinnuhópa.

### 11. gr.

#### Vinnuaðstaða

Bæjarfulltrúum býðst að nýta sér vinnuaðstöðu í Ráðhúsi Árborgar eða á öðrum þeim stað sem bæjarstjóri ákveður. Allur almennur skrifstofubúnaður sem bæjarfulltrúar get nýtt sér, er til staðar, s.s. til ljósritunar og prentunar.

### 12.gr.

#### Fundaraðstaða

Bæjarfulltrúum býðst að bóka fundaaðstöðu fyrir fundi í fundabókunarkerfi Sveitarfélagsins Árborgar í gegnum Outlook.

### 13. gr.

#### Farsímanotkun

Sveitarfélagið Árborg greiðir kostnað að fjárhæð kr. 10.000,- á mánuði vegna notkunar farsíma bæjarfulltrúa gegn framlögðum reikningi.

### 14. gr.

#### Fartölvur

##### 14.1 Afhending

Aðalfulltrúar í bæjarstjórn fá til afnota fartölvur vegna starfa sinna. Fartölvur eru keyptar gegnum gildandi þjónustukaupasamning sveitarfélagsins, eru eign sveitarfélagsins og skal merkja búnaðinn og skrá eins og aðrar eigur sveitarfélagsins. Óski bæjarfulltrúi sérstaklega eftir tölvu eða farsíma sem ekki er inni í gildandi þjónustukaupasamningi greiðir sveitarfélagið að hámarki 200.000 krónur og bæjarfulltrúinn greiðir mismuninn, ef einhver er. Deildarstjóri Upplýsingatæknideildar hefur umsjón með kaupum, í samráði við bæjarfulltrúa, hvort sem valin er búnaður samkvæmt gildandi þjónustukaupasamningi eða annar.

##### 14.2 Skil og kaup bæjarfulltrúa á notuðum fartölvum

Láti bæjarfulltrúi af störfum á kjörtímabili afhendir hann eftirmanni sínum í bæjarstjórn fartölvuna til afnota ef innan við tvö ár eru síðan búnaðar var keyptur. Ef búnaðurinn er eldri en tveggja ára þá gefst fráfarandi bæjarfulltrúa kostur á að fá hann keyptan og miðast verðið við afskriftaregluna hér fyrir neðan. Láti bæjarfulltrúi af störfum í lok kjörtímabils, vegna þess að hann býður sig ekki fram eða vegna þess að hann nær ekki aftur kjöri, og skemmri tími en tvö ár er liðinn frá því bæjarfulltrúinn fékk afhenta nýja fartölvu skilar hann búnaðinum inn til bæjarins. Ef búnaðurinn er eldri en tveggja ára þá gefst fráfarandi bæjarfulltrúa kostur á að kaupa hana og miðast verðið þá við afskriftaregluna hér fyrir neðan.

Afskriftir miðast við kaupverð vélar og fjögurra ára afskriftatíma.

Dæmi: Fartölva er keypt á 200.000 krónur í janúar 2016. Bæjarfulltrúi lætur af störfum í júní 2018 og óskar eftir að kaupa tölvuna. Þá eru liðin tvö ár og fimm mánuðir frá því vélin var keypt. Reiknað verð er þá 200.000 -  $(200.000 * 0,36 + 200.000 * 0,3 + 200.000 * 0,1) = 48.000$  krónur



#### 14.4 Bilanir

Ef fartölva bæjarfulltrúa bilar eða eyðileggst skilar hann henni inn til deildarstjóra Upplýsingatæknideildar sem aðstoðar bæjarfulltrúann við að fá gert við tölvuna eða útvega nýja.

#### **15. gr. Gildistaka**

Reglur þessar taka gildi við samþykki bæjarstjórnar.

Samþykkt í bæjarstjórn þann XX. 2024